

FYLGIRIT VEGNA KAFLA 2

STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2018



Fylgirit vegna kafla 2

Starfsnefndir háskólaráðs 2016

Samantekt greinargerða nefnda um störf
háskólaráðs 2014-2017

Nefndir háskólaráðs	Hver skipar	Fjöldi	Formaður	Aðrir	Tilnefningaraðilar	Ritari/ starfar með nefnd	Hlutverk	Tegund nefndar	Hve oft hittist
Samráðsnefnd um kjaramál		3	Formaður úr röðum fastráðinna kennara, nú prófessor VoN og einnig framkvæmdastjóri fjármála og reksturs	Starfsmannastjóri Fjármálastjóri	Í krafti embættis Í krafti embættis	Verkefnisstjóri á framkvæmda- og tæknisviði starfar með nefndinni	Skv. erindisbréfi: Að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélag og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál allra starfsmanna skólans. Nefndin gegnir auk þess hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna. Nefndin starfar í umboði háskólaráðs, sem ákvarðar stefnu skólans í launamálum starfsmanna sinna, ákveður að hvaða markmiðum skuli stefnt og setur aðrar þær áherslur sem ráðið telur að sérstaklega skuli leggja til grundvallar við gerð kjarasamninga	Ráðgefandi	Eftir atvikum og eftir stöðu kjaramála
Vísindanefnd		7	Formaður skipaður af rektor, núverandi formaður prófessor á Félagsvísindasviði	Formenn vísindanefnda fræðasviðanna fimm, akademískir starfsmenn Einn fulltrúi nemenda	Í krafti embættis sem formenn vísindanefnda fræðasviða Stúdentaráð	Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs og 2-3 verkefnisstjórar, þar af einn sem er ritari	Skv. erindisbréfi: Að stuðla að því að efla rannsóknastarfsemi við Háskóla Íslands og standa fyrir umræðu um eðli og virkni rannsókna á hinum ýmsu fræðasviðum Nefndin er jafnframt stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands	Ráðgjafanefnd Úthlutunarnefnd	Að jafnaði á þriggja vikna fresti

Aðrar nefndir	Hver skipar	Fjöldi	Formaður	Aðrir	Tilnefningaraðilar	Ritari/ starfar með nefnd	Hlutverk	Tegund nefndar	Hve oft hittist
Heiðursdoktorsnefnd		6	Formaður skipaður af háskólaráði nú prófessor við Læknadeild	Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði, akademískir starfsmenn			Veitir skriflega umsögn um tillögu að veitingu doktorsnafnbótar til deildarfundar og fræðasviðs sem, að fengnu samþykki, er sent með milligöngu rektorsskrifstofu til háskólaráðs til samþykktar	Umsagnarnefnd	
Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala	Háskólaráð	3-4	Formaður er prófessor við Háskóla Íslands	Læknir á Landspítala, sviðsstjóri eftirlitssviðs Lyfjastofnunar	Háskólaráð tilnefnir 2-3 og forstjóri LSH einn	Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs og starfsmaður sama sviðs, sem er ritari, og fulltrúi frá þróunarsviði Landspítala	Skv. erindisbréfi ber nefndinni að stuðla að hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna, uppfinninga og annarra nýjunga starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítala, koma að ákvörðunum um skiptingu arðs og hvetja til áframhaldandi rannsókna og hagnýtingar þeirra til góðs fyrir samfélagið í heild. Nefndin starfar á grundvelli stefnu Háskóla Íslands og Landspítala er varðar einkaleyfi og fjárhagslega hagnýtingu uppfinninga/nýjunga	Ráðgefandi nefnd Ákvarðandi nefnd, tekur m.a. stefnumótandi ákvarðanir. Umsjón og umsýsla með hugverkum og gerð samninga	

Aðrar nefndir	Hver skipar	Fjöldi	Formaður	Aðrir	Tilnefningaraðilar	Ritari/ starfar með nefnd	Hlutverk	Tegund nefndar	Hve oft hittist
Kærunefnd í málefnum nemenda	Háskólaráð	3	Nú lektor við Lagadeild	2 prófessorar við Háskóla Íslands	Háskólaráð	Ritstjóri kennsluskrár (af kennsluviði)	Kærunefnd í málefnum nemenda starfar í samræmi við 3. mgr. 7. greinar reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 (síðast breytt með reglum nr. 1077/2013). Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um kvartanir og kærur stúdenta samkvæmt 50. grein reglnanna	Kærunefnd	
Ráð um málefni fatlaðs fólks	Rektor	5	Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands	1 fulltrúi 1 fulltrúi 1 fulltrúi kennara 1 fulltrúi stúdenta Tengiliðir: Einn fulltrúi hvers fræðasviðs, einn fulltrúi starfsmannasviðs, einn fulltrúi hvers hagsmunafélags nemenda	Framkvæmda- og tæknisvið Náms- og starfsráðgjöf háskólans Sameiginlega af Félagi háskólakennara og Félagi prófessora Stúdentaráði Háskóla Íslands		Nefndinni er ætlað að hafa yfirumsjón með málefnum fatlaðs fólks í Háskóla Íslands og nemenda með sértæka námsörðugleika, í umboði rektors og háskólaráðs: <ul style="list-style-type: none"> • að gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á stefnu háskólans í málefnum fatlaðra; • að undirbúa og fylgja eftir áætlunum um framkvæmd á stefnu háskólans í málefnum fatlaðra; • að stuðla að samstarfi, veita umsagnir, veita ráðgjöf, afla tölulegra upplýsinga, hafa frumkvæði að fræðslu og fylgjast með nýmælum 	Stefnumótandi nefnd Framkvæmda nefnd Samstarfsnefnd	1 sinni í mánuði
Siðanefnd	Háskólaráð, skv. tilnefningu rektors	3 og heimilt að skipa 2 til viðbótar eftir eðli máls hverju sinni	Skipaður af háskólaráði skv. tilnefningu rektors	1 fulltrúi 1 fulltrúi	Félag háskólakennara Félag prófessora	Verkefnisstjóri á kennsluviði Háskóla Íslands	Nefndin úrskurðar um það hvort siðareglur Háskóla Íslands hafi verið brotnar. Siðanefnd tekur við skriflegum kærum um meint brot á siðareglum frá nafngreindum aðilum innan eða utan háskólans. Nefndin tekur ekki mál til meðferðar að eigin frumkvæði	Úrskurðarnefnd	
Sjálfbærni- og umhverfisnefnd		7	Fulltrúi eins fræðasviðs	5 fulltrúar 1 fulltrúi 1 fulltrúi stúdenta	Hvert fræðasvið Miðlæg stjórnsýsla Stúdentaráð		Nefndinni er ætlað að fylgja eftir sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands sem samþykkt var 1. mars 2012		

Samantekt greinargerða nefnda um störf háskólaráðs 2014-2017

Í 10. gr. starfsreglna háskólaráðs Háskóla Íslands frá 2012 kemur fram að ráðið skuli setja á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að leggja árlega mat á störf ráðsins. Í greininni segir:

Fyrir lok hvers starfsárs skal háskólaráð taka saman greinargerð um störf sín á undangengnu starfsári og leggja mat á árangur og gera tillögur til úrbóta, þ.m.t. eftir því sem ástæða er til á starfsreglum ráðsins. Slíku mati er ætlað að bæta vinnubrögð og tryggja skilvirkni háskólaráðs. Háskólaráð skipar úr sínum röðum fjögurra manna nefnd sem annast matið og ritar greinargerðina. Í nefndinni er einn fulltrúi hvers hóps sem myndar háskólaráð, þ.e. einn fulltrúi háskólasamfélagsins, einn tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn valinn af háskólaráði og einn fulltrúi stúdenta. Varaforseti háskólaráðs er formaður nefndarinnar og situr hann jafnframt fyrir þann hóp sem hann er fulltrúi fyrir í háskólaráði. Nefndin getur leitað sérfræðiaðstoðar við matið ef þurfa þykir.

Eins og fram kemur í þessari tilvitnun er um sjálfsmat að ræða. Háskólaráð skipaði í fyrsta skipti slíka nefnd á fundi sínum hinn 4. apríl 2013. Fyrst en alls hafa fjórar nefndir starfað á vegum ráðsins á tímabilinu 2014-2017. Nefndirnar hafa að jafnaði fundað einu sinni ásamt því að ræða sín á milli í tölvupósti.

„Nefndin skilaði álitinu sínu fyrir starfsárið 2012-2013 hinn 21. maí og var það tekið fyrir á fundi ráðsins 13. júní 2013. Á fundi háskólaráðs 5. september voru svo gerðar smávægilegar breytingar á starfsreglum ráðsins, s.s. um bókfærð mál og verklag við skipan í stjórnir, ráð og nefndir ýmiss konar. Að mati nefndarinnar voru þær breytingar til bóta.“

Það er samdómaálit þeirra nefnda sem starfað hafa að starfshættir háskólaráðs séu almennt til fyrirmyndar, fundir ráðsins séu vel undirbúnir, fundarstjórn sé góð og auðvelt sé að fá upplýsingar þegar eftir þeim er kallað. Þá hafa síðustu tvær nefndir ráðsins hrósað starfsfólki í stjórnsýslu sérstaklega fyrir umsjón og skipulag.

Fyrsta nefndin (2013-2014) lagði ekki fram beinar tillögur um breytingar á starfsreglum háskólaráðs. Hins vegar velti hún upp þremur atriðum sem hún taldi geta leitt til frekari umbóta í starfi þess:

1. Hugað yrði að því hvaða mál væri flokkuð undir liðin „bókfærð mál“ en það var álit nefndarinnar að sum mál væru það umfangsmikil og stefnumarkandi að ef til vill væri réttara að taka þau til umfjöllunar á dagskrá með almennum hætti. Dæmi um slíkt eru þau mál er taka til inntökuprófa.
2. Nefndin bendir á að í einhverjum tilvikum komi mál einstakra starfsmanna inn á borð ráðsins sem vekur upp spurningar um leiðir sem starfsmönnum standa til boða vegna ýmiss konar ákvarðana séu nægilega ljósar út á við sem leiði til þess að mál rati inn á borð háskólaráðs. Nefndin bendir hins vegar á að stefnumarkandi atriði eins og mótun starfsreglna varðandi starfsmannatengd mál og vinnulag falli aftur á móti undir hlutverk ráðsins.
3. Nefndin veltir upp þeirri spurning hvort nægjanlegt sé að mat á starfsreglum háskólaráðs fari fram annað hvert ár.

Önnur nefndin (2014-2015) lagði til breytingar á tveimur liðum starfsreglna ráðsins, annars vegar 3. lið um fundi ráðsins, boðun þeirra og fundargerðir og hins vegar 7. lið er fjallar um helstu verkefni háskólaráðs. Varðandi fundi og boðun þeirra (3. liður starfsreglna) lagði nefndin til að skrifstofa rektors birti rafrænt áætlun um fundardagsetningar í byrjun háskólaárs og aftur í byrjun vormisseris.

Þá lagði nefndin til að fundargögn og önnur gögn er styðja starf ráðsins skuli vera aðgengileg í sérstakri stjórnargátt. Er það mat nefndarinnar að ætla megi að í einstökum tilvikum sé nauðsynlegt að halda rafræna fundi til að flýta fyrir afgreiðslu. Leggur nefndin til að háskólaráð setji sér reglur um hvenær og hvernig rafrænir fundir fari fram. Varðandi helstu verkefni háskólaráðs (7. liður starfsreglna) leggur nefndin til að betur verði gert grein fyrir hvernig helstu verkefni háskólaráðs falla undir stefnumótun annars vegar og eftirlit með rekstri og starfsemi hins vegar. Þá leggur nefndin annars vegar til að frumkvæði rektors, leggi háskólaráð fram til afgreiðslu starfsáætlun sína í upphafi hvers starfsárs og að starfsáætlun tilgreini hvaða málefni ráðið hyggst setja á dagskrá á árinu og hins vegar að, að frumkvæði rektors, leggi ráðið fram til afgreiðslu framkvæmdaáætlun í upphafi hvers starfsárs og framkvæmdaáætlun lýsi m.a. framkvæmd stefnu Háskóla Íslands fyrir starfsárið.

Þriðja nefndin (2015-2016) gerði ekki tillögur til breytinga á starfsreglum ráðsins. Nefndin hrósar því að sérstakt lokað vefsvæði sem hýsir fundargögn og önnur gögn sem styðja störf ráðsins hafi verið tekið í notkun frá upphafi starfsárs og bendir á að vefsvæðið hafi gefist mjög vel, gögn séu aðgengileg tímanlega og auðvelt sé að leita að gögnum. Þá vekur nefndin athygli á tveimur atriðum sem gætu gefið tilefni til endurbóta á starfsemi ráðsins: 1) Til að bæta störf ráðsins leggur nefndin til að haldinn sé listi yfir beiðnir fulltrúa um upplýsingar sem koma fram á fundum. Þennan lista megi svo uppfæra eftir því sem upplýsingum er dreift. Þetta myndi gera beiðnir gegnsærri og svör við þeim. 2) Nefndin bendir á að í einhverjum tilvikum geti leikið vafi á hvers eðlis þagnarskylda um málefni háskólans er og það væri því til bóta ef það yrði gert sýnilegra hvers eðlis hún er, með því að merkja einstaka dagskrárliði eða einstaka gögn eftir trúnaðarstigi. Önnur leið væri að biðja háskólaráðsfulltrúa að leita til forseta ráðsins ef þeir eru í vafa um trúnaðarstigið.

Fjórdða nefndin (2016-2017) vekur máls á tveimur atriðum úr starfi ráðsins ásamt því að leggja fram bæði breytingartillögur við starfsreglurnar og tillögu að nýrri grein. Þau tvö atriði sem nefndin gerir að sérstöku umtalsefni varða annars vegar fjármál og hins vegar úttektarskýrslur innri endurskoðanda. Þannig nefnir nefndin að nokkuð sé um að mikilvæg gögn varðandi fjármál séu send út með stuttum fyrirvara eða jafnvel lögð fram á fundum. Nefndin hefur skilning á því að þessi gögn séu oft tekin saman á síðustu stundu vegna þess að upplýsinga er beðið en þar sem hér er um að ræða eitt mikilvægasta viðfangsefni háskólaráðs þykir nefndinni ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðsmönnum gefist kostur á að kynna sér þessi gögn fyrir fund ef mögulegt er.

Einnig væri æskilegt að ítarlegum yfirlitum, s.s. ársreikningi skólans, fylgi minnisblöð þar sem bent sé á helstu atriði sem hyggja þarf að. Þá lýsir nefndin sérstakri ánægju með úttektarskýrslur innri endurskoðanda skólans og einnig þá skipulögðu eftirfylgni sem skólinn hefur komið á með tillögum til endurbóta í skýrslunum. Nefndin telur mikilvægt að haldið verði áfram á sömu braut og úttekt gerð á sem flestum sviðum og verkefnum innan háskólans. Þá gerir nefndin tillögu um tvær breytingar á starfseglum ráðsins, annars vegar varðandi hverjir megi tjá sig opinberlega um málefni háskólans og hins vegar varðandi rafræna fundi. Nefndin gerir þá tillögu að öðrum háskólaráðsfulltrúum en rektor verði heimilt að tjá sig opinberlega um málefni háskólans í eigin nafni, en ekki í nafni háskólans nema þeim hafi verið sérstaklega falið að gera svo af forseta ráðsins. Einnig skuli háskólaráðsfulltrúar ávallt hafa hagsmuni háskólans að leiðarljósi og gæta þagnar- og trúnaðarskyldu sinnar í opinberri umfjöllun. Varðandi rafræna fundi leggur nefndin til að sérstakar verklagsreglur um slíka fundi verði felldar inn í starfsreglurnar sjálfar enda er enginn eðlismunur á þeim og starfsreglunum.

Nefndin kemur loks með tillögu að nýju ákvæði í starfsreglum ráðsins. Hún bendir á að Háskóli Íslands sé mjög stór og flókin stofnun og ekki áhlaupaverk að setja sig inn í starfsemi hans. Það hafði komið fram hjá sumum hinna nýju háskólaráðsmanna að þeim þyki ekki auðvelt að átta sig til fulls á ýmsum atriðum sem fram koma á fundum. Af þessum sökum beinir nefndin því til háskólaráðs að íhuga hvort æskilegt sé að við upphaf annars hvers háskólaárs, þegar nýtt háskólaráð tekur til starfa, verði haldið

örnámskeið fyrir nýja fulltrúa í ráðinu. Námskeiðið gæti verið í umsjá skrifstofustjóra rektorsskrifstofu með þátttöku ýmissa stjórnenda skólans eftir atvikum. Þar yrði farið yfir meginatriði í skipulagi skólans – skiptingu í svið, deildir og námsbrautir, svið stjórnsýslunnar, stofnanir o.fl. Einnig yrði farið yfir helstu atriði í fjármálum – reiknilíkan ráðuneytis og deililíkan skólans, skipun og störf fjármálanefndar, o.s.frv. Önnur viðfangsefni yrðu eftir því sem þörf krefði og óskir bærust um. Upp úr þessu gætu sprottið drög að handbók fyrir háskólaráðsfulltrúa.

Það er samhljóða mat þessara fjögurra nefnda háskólaráðs, sem tekið hafa saman greinargerðir um störf ráðsins á undangengnu starfsári, lagt mat á árangur og gert tillögur til úrbóta, að fundir ráðsins séu vel skipulagðir og vandaðir. Allur undirbúningur er talinn til fyrirmyndar og gögn sögð aðgengileg. Úrbótatillögur nefndanna hafa ekki falið í sér grundvallarbreytingar á starfsreglum ráðsins. Starfsreglurnar er endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir ástæðum gerðar á þeim breytingar sem háskólaráð ákveður en þeim hefur verið breytt á fundi ráðsins á haustmíssi 2013, 2015 og 2016. Tillögur úrbótanefnda sem lagðar hafa verið fyrir háskólaráð hafa verið samþykktar einróma.